

22. tbl.

31. maí. 2023

30 árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

## Vorfundur Kvenfélags Aðaldæla

Vorfundur Kvenfélags Aðaldæla verður haldinn að Ýdölum miðvikudagskvöldið 7. júní.

Fundarstörf hefjast klukkan 20:00.

Dögg Stefánsdóttir lífsþjálfari flytur erindi.

Við hlökkum til að sjá sem flestar félagskonur og minnum á að nýjar konur eru velkomnar til að kynna sér félagsstarfið.

Stjórn Kvenfélags Aðaldæla.

## Sumarferð eldri borgara í FEBP.

Nú líður að ferð okkar á Snæfellsnes. Brottför verður 8. júní og farþegar verða teknir á eftirfarandi stöðum:

Kl 8:30 að Ídölum, kl. 8:45 á Breiðimýri, kl. 9:00 á Fosshóli, 9:20 við Fnjóskárbrú.

Hittumst hress með góða skapið í farteskinu.

Stjórnin.



## Fundargerð 24. fundur

Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar 2022-2026

11.05.2023

haldinn í Breiðumýri fimmtudaginn 11. maí kl. 13:00

Fundarmenn:

Gerður Sigtryggisdóttir, Eygló Sófúsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Anna Bragadóttir, Knútur Emil Jónasson, Halldór Þorlákur Sigurðsson, Jóna Björg Hlökkversdóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir, Eyþór Kári Ingólfsson, Arnór Benónýsson

Starfsmenn

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir

Fundargerð ritaði: Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir

Oddviti setti fund og óskaði eftir að taka á dagskrá lið 17. Fjárfestingafélag Pingeyjarsveitar ehf., 18. Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra umsagnarbeiðni, 19. Aðalfundur MMP, 20 Fyrirspurn varðandi tónleikahald í Höfða Mývantssveit. Jafnframt óskar oddviti eftir að dagskrárlið 24 fræðslu- og velferðarnefnd 9. fundur verði frestað og boðað verði til aukafundar sveitarstjórnar 17. maí nk. kl. 16 þar sem fundargerð fræðslu- og velferðarnefndar verður tekin til afgreiðslu.

### 1. Skýrsla sveitarstjóra - 2303021

Sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu störfum sínum frá síðasta reglulega sveitarstjórnarfundi. Skýrslan flutt munnlega og til kynningar.

### 2. Samþykkt um stjórn og fundarsköp sameinaðs sveitarfélags Skúta- staðahrepps og Pingeyjarsveitar - 2206003

Lögð fram til fyrri umræðu tillaga að breytingum á samþykkt um stjórn og fundarsköp Pingeyjarsveitar með vísan í afgreiðslu sveitarstjórnar á 23. fundi þann 27. apríl sl.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi breytingar og vísar þeim til annarrar umræðu. Samþykkt

### 3. Beiðni um lausn frá störfum í sveitarstjórn - 2305011

Lögð fram beiðni frá Eygló Sófúsdóttur dags. 8. maí sl. um tímabundna lausn frá nefndar- og sveitarstjórnarstörfum til haustsins 2024. Eygló óskar eftir að starfa áfram í stýrihópi skólafélags Pingeyjarsveitar.

Til máls tóku: Knútur Emil Jónasson og Arnór Benónýsson.

Sveitarstjórn samþykkir beiðni Eyglóar Sófúsdóttur um tímabundna lausn frá störfum í sveitarstjórn og nefndum og ráðum á vegum sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkir að Eygló Sófusdóttir ljúki vinnu við gerð skóla-  
stefnu Þingeyjarsveitar. *Samþykkt*

#### **4. Beiðni um launalaust leyfi - 2305006**

Lagt fram erindi dags. 27. apríl sl. frá Hjördísi Sigríði Albertsdóttur þar sem  
hún óskar eftir launalaus leyfi frá 1. ágúst 2023- 31. desember 2023.

Til máls tók: Arnór Benónýsson.

Sveitarstjórn samþykkir beiðni um launalaust leyfi frá 1. ágúst til 31.  
desember 2023. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og verkefnastjóra fjöl-  
skyldumála að koma með tillögu að lausn á stjórnun Reykjahlíðarskóla  
fyrir aukafund sveitarstjórnar 17. maí nk. *Samþykkt*

#### **5. Beiðni um viðræður vegna lóðar við Illugastaði - 2205002**

Á 5. fundi sveitarstjórnar þann 17. ágúst 2022 var erindi Alþýðusambands  
Norðurlands um viðræður um kaup á lóð við Illugastaði frestað.

Málið er tekið aftur á dagskrá sveitarstjórnar.

Til máls tóku: Árni Pétur Hilmarsson og Jóna Björg Hlökkversdóttir.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að kanna fyrirætlanir Alþýðusamband  
Norðurlands um nýtingu á lóðinni. *Samþykkt*

#### **6. Siðareglur kjörinna fulltrúa 2022-2026 - 2302009**

Siðareglur kjörinna fulltrúa 2022-2026, 2. umræða.

Til máls tóku: Knútur Emil Jónasson og Arnór Benónýsson.

Sveitarstjórn samþykkir framlögð drög að siðareglum kjörinna fulltrúa  
2022-2026. *Samþykkt*

#### **7. Bygging 60 rýma hjúkrunarheimilis á Húsavík - 2209005**

Lagður fram tölvupóstur frá Norðurþingi vegna kostnaðarskiptingu við  
byggingu hjúkrunarheimilis á Húsavík. Gögn með málinu eru bundin  
trúnaði á þessu stigi málsins.

Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir vakti athygli á mögulegu vanhæfi.

Sveitarstjórn telur Ragnhildi Hólm ekki vanhæfa.

Til máls tók: Eyþór Kári Ingólfsson leggur til að fundi verði lokað meðan  
fjallað er um málið. Fundi lokað kl. 13:34. Fundi framhaldið kl. 13:40.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitar-  
félaga og kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaganna á svæðinu. Sveitar-  
stjórn ítrekar mikilvægi þess að undirbúningi framkvæmda verði hraðað  
sem mest.

Lagt fram

#### **8. Skipun starfshóps um stjórnskipulag og húsnæðismál stjórnarsýslu sveitarfélagsins - 2304008**

Lagt fram minnisblað og tillaga að framtíðarfyrirkomulagi húsnæðis fyrir  
stjórnarsýslu sveitarfélagsins frá starfshópi um stjórnskipulag sem skipaður

var á fundi 22. fundi sveitarstjórnar þann 13. apríl sl. Starfshópnum var falið að leggja fram tillögu og leggja fyrir sveitarstjórnarfund. Til máls tóku: Gerður Sigtryggsdóttir, Eyþór Kári Ingólfsson, Arnór Benónýsson, Knútur Emil Jónasson og Eyþór Kári Ingólfsson.

Oddviti kynnti tillögu starfshópsins sem felst í því að byggja upp skrifstofu-aðstöðu fyrir sveitarfélagið í Seiglu á Laugum í stað núverandi aðstöðu í Kjarna sem rúmar ekki lengur starfsemi sameinaðs sveitarfélags. Í þessari vinnu var ekki fjallað um breytingar á fyrirkomulagi skrifstofu sveitarfélagsins að Hlíðarvegi 6 í Reykjahlíð. Samþykkt

### **9. Starfshópur um úrgangsmál 2023 - 2302020**

Á 16. fundi sveitarstjórnar þann 19. janúar sl. var skipaður þriggja manna starfshópur um úrgangsmál. Lögð er fram til kynningar áfangaskýrsla starfshópsins. Starfshópnum var m.a. falið að endurskoða samning við núverandi þjónustuaðila og vinna að nýrri gjaldskrá.

Starfshópurinn leggur til að gerður verði tímabundinn viðaukasamningur við núverandi þjónustuaðila um söfnun á lífrænum úrgangi. Starfshópurinn leggur einnig fram lista yfir verkefni sem þarf að vinna næstu misseri. Sveitarfélagið hefur þegar samþykkt að taka þátt í hraðlinum Borgað þegar hent er sem mun styrkja mjög þá vinnu sem framundan er varðandi úrgangsmál.

Til máls tók: Anna Bragadóttir.

Sveitarstjórn þakkar starfshópnum fyrir greinargóða áfangaskýrslu og felur starfshópnum að vinna að næsta áfanga og skila sveitarstjórn framvinduskýrslu í haust. Samþykkt

### **10. Byggðamerki - 2022 - 2212026**

Lagðar fram tillögur að byggðamerki fyrir Þingeyjarsveit frá Effekt - Þórhalli Kristjánssyni.

Til máls tóku: Árni Pétur Hilmarsson og Eyþór Kári Ingólfsson.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að láta vinna áfram tillögu 2 og kynna á næsta fundi sveitarstjórnar. Samþykkt

### **11. Ósk um leigu á Skjólbrekku sumarið 2024 - 2305009**

Lagt fram bréf frá Vilhjálmi Sigurðssyni f.h. Hótel Laxár þar sem hann óskar eftir að taka Skjólbrekku á leigu sumarið 2024. Tekið skal fram að leigan miðast við nýtingu á húsinu í hádegi.

Til máls tóku: Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir og Arnór Benónýsson.

Á 6. fundi íþróttu-, tómstunda- og menningarnefndar var formanni hennar falið að fjalla um málefni félagsheimilanna og vinna greiningu á nýtingu þeirra í samstarfi við formann atvinnu- og nýsköpunarnefndar. Afurð þeirra vinnu sem og reynsla af útleigu Breiðumýrar sumarið 2023 verður metin af sveitarstjórn á haustdögum.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu erindisins þar til lokið verður vinnu um málefni félagsheimilanna og reynsla af útleigu Breiðumýrar liggur fyrir.  
Frestað

#### **12. Umboðsmaður Alþingis - Landeigendur Reykjahlíðar - 2304009**

Svar hefur borist frá Umboðsmanni Alþingis vegna erindis landeigenda Reykjahlíðar vegna samskipta við sveitarfélagið.

Umboðsmaður hefur lokið meðferð sinni á kvörtun landeigenda Reykjahlíðar og telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar í tilefni kvörtunarinnar.  
Lagt fram

#### **13. Starfshópur um greiningu á áhættu og áfallapoli sveitarfélaga - 2303010**

Lögð fram til kynningar fundargerð 1. fundar starfshóps um greiningu á áhættu og áfallapoli Þingeyjarsveitar frá 26. apríl sl.

Til máls tók: Anna Bragadóttir.. Lagt fram

#### **14. Samþykkt um hunda- og kattahald í Þingeyjarsveit - 2304022**

Lögð fram tillaga að samþykkt um hunda- og kattahald í Þingeyjarsveit.

Til máls tók: Anna Bragadóttir og Eypór Kári Ingólfsson.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins. Frestað

#### **15. Flugklasinn Áfangaskýrsla - 1710023**

Lögð fram til kynningar áfangaskýrsla Flugklasans.

Til máls tóku: Gerður Sigtryggsdóttir og Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir.  
Lagt fram

#### **16. Tröllasteinn ehf. - Aðalfundaboð 2022 - 2305012**

Lagt fram boð á aðalfund Tröllasteins ehf. sem haldinn verður 24. maí nk. að Narfastöðum í Reykjadal.

Einnig lagður fram til kynningar ársreikningur félagsins fyrir árið 2022.

Til máls tók: Arnór Benónýsson.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að fara með umboð sveitarfélagsins á fundinum. Jafnframt felur sveitarstjórn sveitarstjóra að kanna hug núverandi fulltrúa sveitarfélagsins til áframhaldandi stjórnarsetu fyrir hönd sveitarfélagsins.  
Samþykkt

#### **17. Fjárfestingarfélag Þingeyinga - 2110013**

Lagt fram bréf frá Bergþóri Bjarnasyni og Péttri Snæbjörnssyni f.h. Fjárfestingafélags Þingeyinga ehf. dags. 28. apríl sl. Á undanförunum mánuðum hafa forsvarsmenn fjárfestingafélagsins átt í samskiptum við Byggðastofnun um stofnun eignarhaldsfélags í Þingeyjarsýslum, en sambærileg félög eru starfandi í öðrum landshlutum. Með bréfinu er verið að kanna áhuga sveitarfélaga í Þingeyjarsýslum á stofnun slíks félags og að leggja inn í félagið eignarhluta sinn í félögum sem eru óháð kjarnastarfsemi

sveitarfélagann. Óskað er eftir viðbrögðum fyrir 25. maí nk.

Til máls tók. Jóna Björg Hlökkversdóttir.

Sveitarstjórn þingeyjarsveitar hefur ekki áhuga á þátttöku í Fjárfestinga-  
félagi Þingeyinga. Hafnað

### **18.Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra - umsagnarbeiðni Betri fasteignir ehf. rekstur gististaðar - 2305014**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Norðurlandi eystra dags. 8. maí sl. þar sem Betri fasteignir ehf. sækja um leyfi til reksturs, gististaðir flokkur II C minna gistiheimili - Villa North.

Til máls tóku: Jóna Björg Hlökkversdóttir og Knútur Emil Jónasson.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins. Frestað

### **19.Aðalfundur Menningarmiðstöðvar Þingeyinga - 2305015**

Lagt fram til kynningar boð á aðalfund Menningarmiðstöðvar Þingeyinga sem haldinn verður þann 23. maí nk. í Safnahúsinu á Húsavík.

Til máls tók: Árni Pétur Hilmarsson. Lagt fram

### **20.Fyrirspurn varðandi tónleikahald í Höfða Mývatnssveit - 2305016**

Lögð fram fyrirspurn frá Erni Elías Guðmundssyni (Mugison) þar sem hann óskar eftir leyfi til að halda litla tónleika í Höfða í Mývatnssveit í júlí.

Til máls tóku: Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir og Árni Pétur Hilmarsson. Sveitarstjórn tekur jákvætt í tónleikahald í sveitarfélaginu og felur sveitarstjóra að ræða við viðkomandi um möguleika á tónleikahaldi í Mývatnssveit. Samþykkt

### **21. Fundir stjórnar SSNE 2022-2026 - 2209048**

Lögð fram til kynningar fundargerð 52. fundar stjórnar SSNE.

Lagt fram

### **22. Íþróttá-, tómstunda- og menningarnefnd - 8 - 2304005F**

Lögð er fram til kynningar fundargerð 8. fundar Íþróttá-, tómstunda- og menningarnefndar frá 2. maí sl. Fundargerðin er í 5. liðum.

Liðir 1, 2, og 3, þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar.

Aðrir liðir eru lagðir fram til kynningar. Samþykkt

#### **22.1 2304028 - Erindi vegna vinnuskóla**

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur verkefnastjóra fjölskyldumála að skoða möguleika á vinnuskóla fyrir ungmenni í 7. bekk svo framarlega að fái starfsmaður til að hafa umsjón með vinnuskólanum.

#### **22.2 2303039 - Íþróttavellir**

Til máls tóku: Jóna Björg Hlökkversdóttir og Arnór Benónýsson.

Sveitarstjórn felur verkefnastjóra fjölskyldumála að finna lausn á umhirðu vallanna í sumar og leggja fram tillögu að framtíðarfyrrirkomulagi á um-

hirðu íþróttavalla í sveitarfélaginu. Eins verði hugað að með hvaða hætti sveitarfélagið getur komið að umhirðu Bjarmavallar í Fnjóskadal.

### **22.3 2304043 - Erindi varðandi 17. júní hátíðahöld**

Sveitarstjórn leggur til að fyrirkomulag hátíðarhalda vegna 17. júní verði óbreytt í sveitarfélaginu í ár. Jafnframt tekur sveitarstjórn undir bókun íþróttta-, tómstunda- og menningarnefndar og felur henni að vinna málið áfram.

### **22.4 1904017 - Heilsueflandi samfélag**

### **22.5 2301019 - Erindi frá stjórn Mývetnings, málefni ÍMS**

### **23. Atvinnu- og nýsköpunarnefnd - 7 - 2304004F**

Lögð er fram til kynningar fundargerð 7. fundar atvinnu- og nýsköpunarnefndar frá 8. maí sl. Fundargerðin er í 4 liðum.

Liðir 2, 3, og 4, þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar.

Aðrir liðir eru lagðir fram til kynningar.

Samþykkt

### **23.1 2305001 - Glatvarmi í Þingeyjarsveit**

### **23.2 2211004 - Endurskoðun fjallskilasamþykktar**

Til máls tók: Eypór Kári Ingólfsson.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög að fjallskilasamþykkt og felur sveitarstjóra að birta hana í Stjórnartíðindum og á heimasíðu sveitarfélagsins.

### **23.3 2305005 - Erindisbréf fjallskilastjóra Þingeyjarsveitar**

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög að erindisbréfi fjallskilastjóra Þingeyjarsveitar og felur sveitarstjóra að birta hana á heimasíðu sveitarfélagsins.

### **23.4 2305010 - Samstarfsverkefni**

Til máls tóku: Knútur Emil Jónasson og Arnór Benónýsson.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur Jónasi Þórólfssyni formanni atvinnu- og nýsköpunarnefndar að vera tengiliður við verkefnið og þá sem að því koma.

### **24. Fræðslu- og velferðarnefnd - 9. fundur - 2303006F**

Lögð er fram til kynningar fundargerð 9. fundar fræðslu- og velferðarnefndar frá 26. apríl sl. og var fundinum framhaldið 4. maí sl. Fundargerðin er í 9 liðum.

Liðir 1, 3, 4, 5, 6, 7, 8 og 9 þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar.

Aðrir liðir eru lagðir fram til kynningar.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu fundargerðarinnar til að kynna sér betur

málefnið sem voru tekin fyrir á fundinum og boðar til aukafundar 17. maí.  
Frestað

24.1 2304025 - Skóladagatal

24.2 2210019 - Skólastarf í Þingeyjarskóla

24.3 2304003 - Reglur um innritun í skóla Þingeyjarsveitar

24.4 2304029 - Reglur um skólaakstur í Þingeyjarsveit

24.5 2304024 - Verklagsreglur leikskóla Þingeyjarsveitar

24.6 2304005 - Áætlun um aðgerðir gegn einelti, kynbundnu ofbeldi og kynferðislegri áreitni

24.7 2302023 - Bjarni Árdal - bygging sparkvallar á skólalóð Stórutjarnaskóla

24.8 2302024 - Dóra Rún Kristjánsdóttir - Húsnæði leikskólans Tjarnaskjól

24.9 2304035 - Minnisþing stýrihóps um samvinnu Reykjavíðar- og Þingeyjarskóla

Fundi slitið kl. 15:00.



## Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins, Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

**Ath ! Verðskrá hækkar nú þann 1. júní 2023 í takti við verðhækkanir á aðföngum tengdum framleiðslu Hlaupastelpunnar.**

### Verðskrá:

**Hálfsíðuauglýsing** kr. 4.600.- m.vsk

**heilsíðuauglýsing** kr. 6.620.- m.vsk.

Auglýsingar skal senda á netfangið [hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is)

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.

Hlaupastelpun er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Dagný Pétursdóttir 8953386





Þingeyjarsveit

# SVIÐSSTJÓRI FJÁRMÁLA- OG STJÓRNSÝSLUSVIÐS

Vilt þú taka þátt í að byggja upp kröftuga og faglega stjórnýsly í ný sameinuðu sveitarfélagi?

Þingeyjarsveit leitar að drifandi og metnaðarfullum einstaklingi til að leiða nýtt fjármála- og stjórnýslusviðs sveitarfélagsins.

Leitað er að einstaklingi sem hefur frumkvæði og aðlögunarhæfni að sibreytilegum aðstæðum og fjölbreyttum verkefnum. Sviðsstjóri heyrir beint undir sveitarstjóra og er staðgengill hans. Sviðið er stoðsvið fyrir önnur svið og stofnanir sveitarfélagsins.

Sviðsstjóri fjármála- og stjórnýslusviðs ber ábyrgð á daglegri starfsemi sviðsins, fjárhagslegum rekstri sveitarfélagsins ásamt mannaúsmálum í samvinnu við stjórnendur, sem og að vera leiðandi í stefnumótun í stjórnýsly sveitarfélagsins.

Um fullt starf er að ræða og er æskilegt að viðkomandi geti hafi störf sem fyrst.

## Helstu verkefni og ábyrgð

- Daglegur rekstur og stjórn fjármála- og stjórnýslusviðs
- Ábyrgð á fjárhagslegum rekstri sveitarfélagsins og þróun verkefna
- Yfirumsjón með undirbúningi, framkvæmd og eftirfylgni fjárhagsáætlana
- Yfirumsjón með mannaúts- og gæðamálum
- Umsýsla fundarboða og fundargerða ásamt afgreiðsly erinda byggðarráðs og sveitarstjórnar
- Ábyrgð á uppfærslum á samþykktum, reglum og gjaldskrárum sveitarfélagsins
- Umsjón með samstarfssamningum
- Upplýsingagjöf til stjórnenda og sveitarstjórnar um málefni sviðsins
- Samræming góðra stjórnýsluhátta í starfsemi sveitarfélagsins
- Önnur verkefni í samráði við sveitarstjóra

## Bekkingar- og hæfnikröfur

- Háskólapróf sem nýttist í starfi
- Viðtæk og farsæld reynsla af verkefnum sem falla að starfinu
- Bekking og reynsla af fjármálum, rekstri og áætlanagerð
- Bekking og reynsla úr opinberri stjórnýsly
- Reynsla af stjórnun æskileg
- Leiðtogaþæfni og rík færni í mannlegum samskiptum
- Góð skipulagsþæfni, árvækt og öguð vinnubrögð
- Góð islenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð almenn tölvukunnátta og þekking á upplýsingatækni

## Umsóknarfrestur er til og með 7. júní 2023

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda.

Við ráðningu eru jafnréttisjónarmið jafngild öðrum málefnalegum sjónarmiðum og hvetjum við áhugasama að sækja um, óháð kyni og uppruna. Þingeyjarsveit áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Þingeyjarsveit er landmesta sveitarfélag landsins og státar af einstakri náttúruferugurð og náttúruauðlindum. Sveitarfélagið er sannkölluð útivistarparadis. Atvinnulífið er öflugt með fjölbreyttum möguleikum, m.a. í ferðapjónustu, landbúnaði og matvælaframleiðsly. Aðstaða er fyrir hendi fyrir störf án staðsetningar. Þingeyjarsveit leggur áherslu á umhverfismál og sjálfbæra nýtingu auðlinda ásamt blómlegu mannlífi.

Þingeyjarsveit er ákjósanlegur búsetukostur fyrir þá sem kjósa gott mannlíf, fríðsæld í fagurri sveit með nálægð við stóra þéttbýlisstaði.



MÖGNUM

Sótt er um starfið á [www.mognum.is](http://www.mognum.is)

Nánari upplýsingar veita:

Sigríður Ólafsdóttir | [sigga@mognum.is](mailto:sigga@mognum.is)

Telma Eidsdóttir | [telma@mognum.is](mailto:telma@mognum.is)



Þingeyjarsveit

# SVÍÐSSTJÓRI UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDASVIÐS

Vilt þú taka þátt í að byggja upp nýtt umhverfis- og framkvæmdasvið í ný sameinuðu sveitarfélagi?

Þingeyjarsveit leitast að drifandi og metnaðarfullum einstaklingi til að leiða nýtt umhverfis- og framkvæmdasvið sveitarfélagsins.

Svíðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs ber ábyrgð á daglegri starfsemi sviðsins og leiðir vinnu við undirbúning og framkvæmd stjórnáskilgreindra verkefna sviðsins.

Meginverkefni sviðsins eru umhverfismál, umsjón með fasteignum sveitarfélagsins, nýframkvæmdum, viðhaldi fasteigna, vatnsveitu, fráveitu og hitaveitu, viðhaldi gatna og snjósmokstri. Sviðið hefur yfrumsjón með þjónustumiðstöð, garðyrkju og umhverfi, opnum svæðum, landgræðslu og skógrækt, vinnuskóla, sormálum og hreinlætmálum sem og umsjón með fjallskilum, girðingum og meindýravrörnum.

Svíðsstjóri heyrir beint undir sveitarstjóra.

Um fullt starf er að ræða og er æskilegt að viðkomandi geti hafi störf sem fyrst.

## Helstu verkefni og ábyrgð

- Áætlanagerð, stjórn og daglegur rekstur umhverfis- og framkvæmdasviðs, þ.m.t. mannaforráð
- Stefnumótun og áætlanagerð í málaflökknum, verkefnastjórn og kostnaðareftirlit
- Ábyrgð á úrgangsmálum í sveitarfélaginu
- Ábyrgð á verkefnum sem tengjast náttúru- umhverfis- og loftlagsvernd, skógrækt, fríðlýsingu svæða, náttúruinjunum og umhverfisfræðslu í sveitarfélaginu
- Ábyrgð á skipulags- og byggingarmálum í samstarfi við skipulags- og byggingarfulltrúa
- Ábyrgð á stjórnáskilgreindri úrvinnslu og gangaskilum innan sviðsins
- Samskipti, upplýsingagjöf og samstarf við fagnefndir, hagsmunaaðila og stofnanir
- Önnur verkefni í samráði við sveitarstjóra

## bekkingar- og hæfnikröfur

- Menntun sem nýttist í starfi
- Viðtæk og farsæl reynsla af verkefnum sem falla að starfinu
- Þekking og reynsla úr opinberri stjórnáskilgreindri
- Þekking á lögum og reglugerðum sem varða starfsemi sviðsins
- Leiðtogaþæfni og rík þæfni í mannlegum samskiptum
- Góð skipulagsþæfni, árvækt og óguð vinnubrögð
- Framkvæði og sjálfstæði
- Góð íslenskukunnátta og þæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð almenn tölvukunnátta og þekking á upplýsingatækni

## Umsóknarfrestur er til og með 7. júní 2023

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda.

Við ráðningu eru jafnréttissjónarmið jafngild öðrum málefnalegum sjónarmiðum og hvetjum við áhugasama að sækja um, óháð kyni og uppruna. Þingeyjarsveit áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Þingeyjarsveit er landmesta sveitarfélag landsins og státar af einstakri náttúrufegurð og náttúruauðindum. Sveitarfélagið er sannkölluð útivistarparadis. Atvinnulífið er öflugt með fjölbreyttum möguleikum, m.a. í ferðaþjónustu, landbúnaði og matvælaframleiðslu. Aðstaða er fyrir hendi fyrir störf án staðsetningar. Þingeyjarsveit leggur áherslu á umhverfismál og sjálfbæra nýtingu auðlinda ásamt blómlegu mannlífi. Þingeyjarsveit er ákjósanlegur búsetukostur fyrir þá sem kjósa gott mannlíf, fríðsæld í fagurri sveit með nálægð við stóra þéttbýlisstaði.



Sótt er um starfið á [www.mognum.is](http://www.mognum.is)

Nánari upplýsingar veita:

Sigríður Ólafsdóttir | [sigga@mognum.is](mailto:sigga@mognum.is)

Telma Elösdóttir | [telma@mognum.is](mailto:telma@mognum.is)



# Bjarmafréttir!

Sumar 2023

**Við leitum að hressum og áreiðanlegum einstaklingi til að sjá um leikjanámskeið í sumar. Verður að hafa bíl til umráða. Nánari upplýsingar veitir Birna Davíðsdóttir, formaður í síma 848-3547.**

**Leikjanámskeið** verður á mánudögum og miðvikudögum kl. 17:00 - 18:30 á Bjarmavelli fyrir 5 - 12 ára börn. Fyrsta skiptið 5. júní og síðasta 31. júlí.

**Fótbolti** er á fimmtudags- og sunnudagskvöldum kl. 20:00 á Bjarmavelli, fyrir 12 ára og eldri.

**Vinnukvöld** verður á Bjarmavelli þriðjudagskvöldið 13. júní kl. 20:30 Formenn nefnda beðnir að mæta kl. 19:30 á stuttan fund með stjórn í Bjarmahúsinu.

**Sumarsólstöðuganga Bjarma** verður á Hálshnjúk miðvikudagskv. 21. júní. Lagt verður af stað frá Vöglum 1 kl. 21:30.

**Fjögurraskógaflaup** Björgunarsveitarinnar Þingeyjar verður haldið 22. júlí. Mæting og mark eru á Bjarmavelli. Sjá nánar á [hlaup.is](http://hlaup.is)

**Unglingalandsmót** UMFÍ verður haldið 4. - 6. ágúst á Sauðárkróki. Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Sjá nánar á [umfi.is](http://umfi.is) og [hsth.is](http://hsth.is)

**Landsmót** UMFÍ 50+ verður haldið í Stykkishólmi 23. - 25. júní. Getraunanúmer Umf. Bjarma er 636

**Bjarmahátíð** verður á sínum stað í haust. Nánar auglýst síðar. Stjórnin hvetur alla til að hreinsa rusl í nærumhverfi sínu og meðfram vegum. Hreint land fagurt land.

Geymið auglýsinguna

Stjórn Bjarma skipa:

Aðalstjórn:

Birna Davíðsdóttir 8483547

Karl Magnússon 8669737

Sigríður Árdal 8486640

Varastjórn:

Pórunn Jónsdóttir

Kristján Jóhannesson

Ketill Tryggvason

## Nefndarskipan Bjarma 2022-2024

### Vallarnefnd:

J. Bjarki Jóhannesson, form.  
Steinar Karl  
Karl Magnússon

### Húsnefnd:

Jón Þ. Óskarsson, form.  
Birkir Týr Arnórsson  
Vilhjálmur Jón Valtýsson

### Ferðapjónustunefnd:

Hulda B. Kristjánsdóttir, form.  
Helen Jónsdóttir  
Sigríður Karlsdóttir

### Fótboltanefnd:

Hannes H. Sigurðsson, form.  
Auðunn Logi Gunnarsson  
Hafþór Höskuldsson

### Spilanefnd:

Þuríður Davíðsdóttir, form.  
Dóra Rún Kristjánsdóttir

### Ferðanefnd:

Þeir sem ekki geta starfað í nefndum láta formenn nefnda eða stjórn vita. Formönnum nefnda er heimilt að kalla fleiri til starfa en þá sem skráðir eru í viðkomandi nefnd. Starfstími þessara nefnda miðast við 1. júní 2022 til 1. júní 2024.

Sigrún Jónsdóttir, form.  
Nanna Þórhallsdóttir

### Íþróttanefnd:

Úlla Árdal, form.  
Berglind Ýr Gunnarsdóttir

### Skíðanefnd:

Rúnar Ísleifsson form.  
Valbjörn Ægir Vilhjálmsson  
Sindri Geir Óskarsson

### Ballnefnd:

Sigríður Árdal form.  
Gunnhildur W. Björnsdóttir  
Erna Sigrún Valgeirsdóttir

Stjórn Bjarma